



Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, fimmtudaginn 22. febrúar kl. 09.05 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 11. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um brýr yfir Helluvatn

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að brýr yfir Helluvatn hafi 8 tonna takmörkun á heildarþyngd ökutækja

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

2. Brávallagata – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Brávallagötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt



3. Tillaga að banni við akstri vélknúinna ökutækja á stíg í Laugardal

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á stíg milli Holtavegar og Engjavegar, nema vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá Holtavegi.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 09.13

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um brýr yfir Helluvatn

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að brýr yfir Helluvatn hafi 8 tonna takmörkun á heildarþyngd ökutækja

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Brýr sem staðsettar eru milli Helluvatns og Elliðavatns hafa tímabundna 5 tonna takmörkun á heildarþyngd ökutækja, vegna ástands þeirra. Þessi takmörkun gerir það að verkum að erfitt er að koma stærri bílum á þetta svæði, sem er m.a. nauðsynlegt vegna starfsemi Skógræktarfélagss Íslands.

Burðarþolsgreining hefur farið fram á brúnni og var niðurstaðan sú að 8 tonna takmörkun sé innan þess sem brýrnar þola. Lögð er til varanleg 8 tonna takmörkun á heildarþyngd ökutækja yfir brýrnar, sem er innan þess álags sem þær þola skv. greiningu á burðarþoli.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af staðsetningu brúnna



Reykjavíkurborg



Staðsetning brúnna yfir Helluvatn



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Brávallagata – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Brávallagötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Greinargerð:

Fá bílastæði eru sérmerkt fyrir hreyfihamlaða á svæðinu í grennd við Brávallagötu og Blómvallagötu. Í grenndinni er m.a. matvöruverslun, búseta fyrir aldraða og margar íbúðir, en langt er í næsta bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Uppsetning þessa stæðis fyrir hreyfihamlaða myndi bæta aðgengi á svæðinu til muna.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhuguðu stæði fyrir hreyfihamlaða merktu inná



Fyrirhuguð staðsetning stæðis fyrir hreyfihamlaða



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga að banni við akstri vélknúinna ökutækja á stíg í Laugardal

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á stíg milli Holtavegar og Engjavegar, nema vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá Holtavegi.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Akstur hefur verið heimilaður um stíg frá Holtavegi að þjónustusvæði Fjölskyldu- og húsdýragarðsins um árabíl. Árið 2018 var stígurinn gerður aðgreindur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, en síðan þá hefur verið vandamál að bílstjórar hafa misskilið akstursheimildina og ekið frá Holtavegi að Engjavegi um stíginn. Þá hefur borið á því að ekið hafi verið frá Engjavegi að fótboltavelli sem liggur við stíginn.

Bann við akstri vélknúinna ökutækja með undanþágu fyrir akstur vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá Holtavegi er ætlað að skerpa á hlutverki stígsins í samgöngukerfi borgarinnar.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Mynd af tillögu að merkingum við stíginn.



Mynd 1 - Tillaga að merkingu bans við akstri vélknúinna ökutækja á stíg milli Holtavegar og Engjavegar. Á myndina vantar undirmerki við Holtaveg sem heimilar akstur vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.